



Fréttabréf Skeiða- og Gnúpverjahrepps

10. árgangur 6. tbl.

Júní 2013

Hátíðarhöld í
Brautarholti,
17. júní hefjast
kl. 14:00.



Dagskrá:
Skrúðganga
Leikir /andlitsmálning
Koddaslagur í Skeiðalaug
Hugvekja. sr. Halldór Reynisson
Ávarp Fjallkonu
Hátíðarræða
Skemmtiatriði
Hátíðarkaffi



Fögnum lýðveldinu saman!



Símanúmer á skrifstofu sveitarfélagsins í Árnesi
486-6100 Fax: 486-6120. - skeidgnup@skeidgnup.is
Opið mánud.—fimmtud. 09-12 og 13-15 föstudaga kl. 09:00 -12:00
Sími í áhaldahúsi 486-6118 - Starfsmenn þar:
Ari Einarsson 893-4426 Jóhannes Eggertsson 864-6904

Skilafrestur efnis í næsta fréttabréf er 5. ágúst 2013.

Ekkert Fréttabréf kemur út í júlí — **Sumarfrí** ☺

Ritstjóri: Kristjana H. Gestsdóttir

frettabref@skeidgnup.is

Ábyrgðarmaður: Kristófer A. Tómasson, sveitarstjóri.



Félagsmiðstöðin Zero

Starfsmann vantar í 60% starf til að hafa umsjón með starfsemi Félagsmiðstöðvarinnar Zero á Flúðum.



Félagsmiðstöðin er rekin í samvinnu Hrunamannahrepps og Skeiða- og Gnúpverjahrepps. Laun eru skv. kjarasamningum Félags opinberra starfsmanna/Bárunnar. Viðkomandi þarf að geta hafið störf eigi síðar en 15. ágúst nk. Allar nánari upplýsingar gefur sveitarstjóri Hrunamannahrepps í síma 480 6600 eða jon@fludir.is. Umsóknum skal skila á skrifstofu Hrunamannahrepps í síðasta lagi 21. júní n.k.


Þjórsárdalur!

Mynddiskur um fjölbreytileika Þjórsárdalsins og einstaka náttúrufegurð svæðisins. Höfundar:

Ari Trausti Guðmundsson og Valdimar Leifsson.

Fæst í Þjórsárstofu og kostar kr. 1.500, -

Góð tækifærisgjöf.



Hundafangari sveitarfélagsins:
Ragnar Sigurjónsson í síma 859-9559.



Leikskólinn Leikholt er lokaður frá 1. júlí til 6. ágúst vegna sumarleyfa.



Allar óskir um breytingar á vistunartímum barna næsta haust þurfa að berast til leikskólastjóra fyrir **25. júní nk.**

Umsóknir um leikskólapláss næsta vetur væri gott að fá fyrir sumarfrí. Sigríður Björk Gylfadóttir, leikskólastjóri.
www.leikholt.skeidgnup.is leikskoli@skeidgnup.is

Þjorsárstofa opin alla daga kl. 09:00 -17:00!

Margmiðlunarsýning um Þjorsá alltaf, alla daga. Mynd um Þjorsárdal eftir Ara Trausta Guðmundsson og Valdimar Leifsson, ca 20 mínútur sýnd alla sunnudaga í Þjorsárstofu kl. 13:00. Myndlistarsýningar, markaður og kaffihús í hliðarsal. Pizzavagninn í Árnesi frá 11:00 — 13:00 alla sunnudaga í sumar (nema 11. ág.)


thjorsarstofa@skeidgnup.is www.thjorsarstofa.is

Sími: 486-6115

Allir velkomnir - enginn aðgangseyrir!

Sófi - svefnsófi!

Óska eftir gefins eða ódýrum sófa eða svefnsófa.



Brynja, Bugðugerði 4b. gsm 690-1796
(er með kattaofnæmi.)



Þjórsárskóli

Skeiða- og Gnúpverjahreppi

Sundmót Þjórsárskóla

Þriðjudaginn 14. maí var hið árlega sundmót skólans haldið í Brautarholtslaug. Nemendur úr 5.-7. bekk kepptu í bringusundi og skriðsundi í dásamlegu veðri.

Veitt voru verðlaun fyrir þrjú efstu sætin í stúlkna- og drengjaflokki. Óskum við þessu efnilega sundfólki til hamingju

Stúlkur:

Gull – Eydís Birta Þrastardóttir 7. bekk

Silfur – Ljósbrá Loftsdóttir 7. bekk

Brons – Sigríður Lára Jónasdóttir 7. bekk



Drengir:

Gull – Kolbeinn Loftsson 5. bekk

Silfur – Jónas Ásólfur J. Schougaard 7. bekk

Brons – Matthías Bjarnason 7. bekk.

Eftir sundmótið fengu allir keppendur að fara í fatasund og yngri nemendur að fara í laugina og leika sér.



Smíðaverkefni

Nemendur í 6. – 7. bekk lögðu grunninn að kofasmíði á skólalóðinni. Verkefnið þótti spennandi og tóku fleiri nemendur skólans þátt í smíðinni.

Verkefni 5. bekkjar í smíði í maí mánuði var að hanna og smíða áttavita/vindhana sem fengið hefur góðan stað á skólalóðinni.





Kofinn t.v.

og

vindhaninn
t.h.



Markaðsfjör 5.-7. bekkur

Ágóðann af nýsköpunarmarkaði nemenda í 5.-7. bekk nýttu nemendur til þess að gera sér glaðan dag. Skipulagið var ákveðið með Lilju smíðakennara og sett var upp stór vatnsrennibraut á skólalóðina sem þau léku sér í og fóru í vatnslag. Síðan var horft á bíómyndir, keppt í dansi, og nemendur gerðu það sem hvern og einn langaði til. Peninginn nýttu nemendur til að kaupa pizzur, gos og nammi. Úr varð hin mesta veisla og mikið fjör.

Hluti ágóðans fór síðan í að greiða skólanum fyrir not af vélum og efni og var keypt stingsög og

handsög fyrir þann hluta.





eftirminnilegur dagur.

Vorferð 1. – 4. bekkjar í heimabyggð

Fimmtudaginn 30. maí fóru nemendur í Grænuhlíð að skoða fiskana hjá Guðbjörgu, í skóginn hjá Áshildarmýri, í fjárhúsið í Fjalli og að skoða hæurnar hjá Valgerði á Húsatóftum. Þar grilluðum við hamborgara og lékum okkur.

Á heimleiðinni fórum við Álfsstaðahringinn og Guðmundur á Reykhól fræddi okkur um upphaf landgræðslu á Íslandi.

Vorferð 5. – 7. bekkjar til Vestmannaeyja

Miðvikudaginn 29. maí fórum við í frábæra vorferð til Vestmannaeyja. Við fórum í skoðunarferð með rútu um eyjuna þar sem við fengum fræðslu, skoðuðum Stórhöfða og prófuðum að spranga. Þá fórum við í sund, fengum pizzaveislu og fórum í bátsferð í kringum eyjuna. Vel heppnaður og



Flottur og fróðlegur dagur.



Skógarferð – íþróttadagur

Á miðvikudaginn var skógarferð hjá 1. – 4. bekk. Farið var í útileiki og kubba-spil, hlaupið skógarhlaup og vaðið í Sandá.

Á fimmtudaginn var íþróttadagur hjá 5.-7.bekk í skólanum. Við fórum í umferðarratleik og fleiri útileiki. Síðan var hlaupið skólahlaup þar sem allir nem-endur hlupu 5 km. Eftir það var farið að vaðið í Kálfá.



Vordagur

Síðasti dagur þessa skólaárs var vordagur.

Við létum veðrið ekki spilla fyrir okkur

og fórum út í hin ýmsu vorverk á skólalóðinni. Plantað var trjám, birkiplöntum sem skólinn fékk frá Yrkjusjóði og grenitrjám frá Panasonic í Japan. Litlar trjá-

plöntur voru settar í potta, borið var á og tínt rusl. Í lokin var nemendum og starfsfólki boðið upp á gos og súkkulaði.



Skólaslit

Skólaslit Þjórsárskóla voru haldin hátíðleg í Árnesi mánudaginn 3. júní. Þá var sýning á verkefnum nemenda og kórinn flutti nokkur lög fyrir fullu húsi gesta. Þá sýndu nemendur í 7. bekk kvikmynd sem þeir gerðu í samfélagsfræði um Sturlungaöld.

Afhent voru verðlaun, fyrir góða félagsfærni og framkomu. Það voru Valdimar Örn í 3. bekk og Eydís Birta í 7. bekk sem fengu verðlaunin að þessu sinni. Einnig var afhentur farandbikar fyrir 1. sæti í sundmóti skólans.

Kolbeinn í 5. bekk hlaut drengjabikarinn og Eydís Birta í 7. bekk stúlknabikarinn.



Eydís Birta og Kolbeinn með viðurkenningar sínar.



allir hafi það sem best í sumar.

Alls voru 12 nemendur að klára 7. bekk Þjórsárskóla og fara þau í Flúðaskóla í haust. Óskum við þessum flottu krökkum alls hins besta.

Starfsfólk skólans þakkar fyrir veturinn og vonar að

Kveðja. Bolette og Kristín.



Bakkaplöntur UMF Gnúpverja!

Eins og undan farin ár hef ég nokkra bakka af trjáplöntum til úthlutunar til félaga UMFG yngri sem eldri. Um er að ræða Birki, Furu, Greni og Aspir, fyrstir koma fyrstir fá.

Upplýsingar gefur Oddur í síma 865 4449



Velferðarþjónusta Árnesþings í Laugarási
480-1180 Fax: 480-1181 www.laugaras.is
Félagsmálastjóri : María Kristjánsdóttir



Viltu læra að búa til þína eigin vefsíðu?

Í sumar verða haldin þrjú námskeið í vefsíðugerð fyrir 13 ára og eldri. Engar kröfur um reynslu af vefsíðugerð er nauðsynleg og því henta námskeiðin fyrir alla.

Námskeiðin verða þrjú talsins og skipt í 1. stig, 2. stig og 3. stig. Eftir 1. stigið munu þátttakendur geta sett upp sína eigin persónulegu vefsíðu eða fyrir eigin rekstur með eftirfarandi eiginleikum:

- Fréttir
- Síður með upplýsingum
- Myndagallerí
- Auglýsingar
- Like hnappur fyrir Facebook
- Mismunandi útlit

Námskeiðið er tilvalið fyrir unglinga og fullorðna sem vilja læra vefsíðugerð án þess að byrja frá grunni. Kennt verður á vefumsjónarkerfið [Drupal](http://www.drupal.org).

Yfirlit yfir **1. stig**:

- Uppsetning á Drupal á eigin tölvu.
- Búa til einfalda fréttasíðu/bloggsíðu.
- Setja inn íhluti sem bæta möguleikum við vefinn.
- Breyta útliti.
- Setja inn myndir.
- Búa til myndagallerí.
- Hvernig vefurinn er hýstur á netinu.

Verðið er **9000 kr.** fyrir hvert stig. Ekki er nauðsynlegt að taka öll stigin.

Námskeiðin munu fara fram í Þjórsárskóla og verður 1. stig haldið vikuna **24. - 27. júní**, frá **17:00 - 19:00 mánudag - fimmtudag**.

Skráning fer fram á vefnum www.dropar.net


Athugið að þátttakendur verða að koma með eigin fartölvu.

Leiðbeinandi er Jón Guðmundsson - 774-0945




Kertasmiðjan Brautarholti
486 5518 — 663-4666
www.kertasmidjan.is





Reiðtúr kvenna þann 19. júní í Skeiða – og Gnúpverjahreppi



**Nú leggjum við á reiðskjótana
og þeysum um grundir!**

Lagt af stað af hlaðinu í Stóru-Mástungu kl. 14.00 og riðið „hring eftir hring eftir hring“ í Mástungnalandi og yfir og allt um kring. Komum aftur í hlað í Stóru-Mástungu um kl. 17.00. Þá mun Grillvagninn góði bíða okkar með ilmandi steikur eins og hver getur í sig látið. Verð kr. 4.000.-

Að máltíð lokinni brestum við örugglega í söng og dundum okkur við skemmtileiki. ☺

Vinsamlegast pantið fyrir 17. júní hjá:

Sigrúnu í Fossnesi: 486-6079 / 895-8079



Önnu í Stóru – Mástungu: 486-6080 / 896-6430

Þær sem ekki ætla á hestbak en vilja gjarnan fá steik, þurfa einnig að panta. ☺

Hlökkum til að eiga þennan ljúfa dag með ykkur, dömur!
Sigrún og Anna nefndarkonur.



Ágætu sveitungar!

Vegna fjölda fyrirspurna um hvort ekki sé hægt að fá keypt grænmeti í Skaftholti, þá ætlum við að gera tilraun nú í sumar og hafa opinn lífrænan grænmetismarkað einu sinni í viku. Markaðurinn verður opnaður **laugardaginn 15. júní** og verður opinn frá **kl. 14:00 — 17:00** og svo haldið áfram næstu laugardaga. Á boðstólum verður það grænmeti sem til er á hverjum tíma.

Guðfinnur Jakobsson



Hlutastarf. — Hross!

Okkur vantar manneskju dag og dag til starf í sumar sem felst í eldamennsku og smávægilegu þrifum á herbergjum, laun samkomulagsatriði. Vantar einnig hross til láns í stakar ferðir í júlí eða ágúst.

Upplýsingar veita Kari í síma 847-7627 og Gunnar í síma 863-8270. Ferðabjónustan Steinsholti.



Hvinur frá Vorsabæ 1

Hvinur is2001187960 frá Vorsabæ 1 verður í Vorsabæ í sumar. Hvinur fékk í kynbótaeinkunn 5 vetra fyrir sköpulag: 8.23, hæfileika: 8.63 og í aðaleinkunn: 8.47.



Hann er með 10 fyrir þrúðleika, 9.5 fyrir brokk, 9 fyrir tölt, 9 fyrir vilja, 7 fyrir skeið og er það eina einkunnin undir 8. Afkvæmin eru þæg í tamningu, rúm og hreingeng. Verð fyrir folatollinn er kr. 40.000 ásamt hagagjaldi. Uppl. í sínum 863-7121 og 898-1556.

Barnavagn og rúmbotn undan Quen Size dýnu frá Rekkjunni til sölu. Upplýsingar í síma 869-1112



Sumarleyfi starfsmanna á skrifstofu!

Skrifstofa sveitarfélagsins verður lokuð vegna sumarleyfis starfsmanna frá 8. júlí til og með 5. ágúst. Hægt verður að leita til sveitarstjóra í síma 861-7150 frá 9.—12. júlí.

Frá 15. júlí - 2. ágúst er hægt að ná í oddvitann, Björgvin Skafta í síma 895-8432 ef erindi eru brýn.

Bókanir í Gljúfurleit, Bjarnalækjarbotna og Tjarnarver eru afgreiddar í síma Áhaldahússins **893-4426**.

Ingvar í Fjalli tekur bókanir í Klett og Hallarmúla í síma **891-9597**.

Sveitarstjóri.

Tamningar og þjálfun!

Tökum að okkur hross í tamningu/þjálfun í sumar á Ósabakka á skeiðum.

Margra ára reynsla, vönduð vinnubrögð og sanngjarnt verð.

Kristín Magnúsdóttir

Uppl. í síma 867-9994



Útskriftin 2013

Þann 24. maí útskrifuðust frá Fjölbrautarskóla Suðurlands á Selfossi Jakob Þór Eiríksson, Vorsabæ 1 sem stúdent af málabraut og viðskipta og hagfræðibraut. Einnig hlaut hann viðurkenningu fyrir góðan árangur í frönsku. Sigurður Kristmundsson, Haga útskrifaðist af málmiðnaðarbraut og grunnnámi og grunndeild bíliðna.

Þann sama dag frá Menntaskólanum að Laugarvatni útskrifuðust þær Lovísa Einarsdóttir, Heiðarbrún, sem stúdent af félagsfræðibraut og Ólöf Ósk Birgisdóttir, Hraunteigi sem stúdent af náttúrufræðibraut.

Þá útskrifaðist Unnur Lís Schram, Vorsabæ 1 úr ferðamálaskólanum við Menntaskólann í Kópavogi 16. maí. s.l. Þetta er góð viðbót hjá henni en hún tók einnig leiðsögumannaprófið fyrir all nokkru. Innilegar hamingjuóskir til ykkar allra með áfangann.



Úr Leikholti, leikskólanum í Brautarholti hér í sveit, útskrifuðust sex ungmenni sem hefja nám í Þjórsárskóla í haust. Þau komu í heimsókn á skrifstofuna til okkar um daginn og fengu að skoða hvaðan sveitarfélaginu er stjórnað og hér gæti framtíðarsveitarstjórnin verið með sveitarstjórnann sinn og kynjajafnréttið er í lagi! Sumir voru alveg vissir um hvar áhugaverðast væri að vera við borðið.....).

Þau eru frá v. talið: Benedikt Júlíus í Glóruhlíð, Freya Linda, Borgarkoti, Magnús Arngrímur, Skarði, Eiríkur Logi, Hlemmiskeiði og Þrándarholts-stúlkurnar Eyrún Huld Ingvarsdóttir og Ólöf María Arnórsdóttir. Til hamingju krakkar, gangi ykkur vel í skólanum og takk fyrir komuna.



Frá Kvenfélagi Gnúpverja.

Okkur í stjórn Kvenfélags Gnúpverja langar að segja ykkur aðeins frá starfinu að undanfögnu og því sem koma skal á næstu vikum.

Kvenfélögin sem starfa innan SSK (Samband Sunnlenskra kvenna) hafa staðið í mörg ár fyrir söfnun á ýmsum tækjum og tölum fyrir Sjúkrahús Suðurlands, m.a. selt jólakort á hverju ári.

Á þessu ári er SSK 85 ára og af því tilefni ætla konur úr 26 kvenfélögum á sambands-svæðinu að ganga saman og þrjóna um leið. Markmiðið er að minnast stofnunar SSK ásamt því að hugsa til formæðranna sem gengu í árdaga þrjónandi um grundir og móa og fóru þrjónandi á milli bæja. Hvert kvenfélag safnar áheitum og þrjónar búta sem síðar mynda táknrænt veggteppi:

„Frá fjalli til fjöru- fjöru til fjalls - austan og vestan Þjórsár“

Ákveðið hefur verið að þeir peningar sem safnast renni til tækjakaupa fyrir Heilbrigðis-stofnun Suðurlands.

Hvetjum við þá sem áhuga hafa að leggja þessu verkefni lið. Allir eru velkomnir í göngurnar.

Þeir sem áhuga hafa á því að heita á verkefnið eða að styrkja það á einhvern hátt geta sent tölvupóst á kvenfegnup@gmail.com

Í apríl var haldinn 85. ársfundur SSK í Árnesi og tók okkar félag á móti fulltrúum allra kvenfélaga innan sambandsins á þeim fundi. Að loknum fundi fórum við með þær í skoðunarferð um sveitina og fórum m.a. í Skaftholtsréttir þar sem fjalldrottningin Lilja Loftsdóttir tók á móti okkur. Sveitarfélagið bauð síðan til hátíðarkvöldverðar og kunnum við þeim bestu þakki fyrir það.

Að starfa innan SSK er heilmikil vinna og þar er formaðurinn úr okkar félagi, Rosemarie Þorleifsdóttir. Einnig hefur starfað í ritnefnd SSK undanfarin ár Kristjana Gestsdóttir en hún var að hætta í þeirri nefnd nú í vor og þökkum við henni frábær og óeigingjörn störf.

Kvenfélag Gnúpverja var stofnað 28. apríl 1929. Í félaginu eru 40 konur og þar af 11 heiðursfélagar.

Félagið hélt sinn vörfund 14. maí sl. á Hestakránni, var það góður og skemmtilegur fundur. Á fundinn fengum við í heimsókn tvær konur úr sveitinni til að sýna okkur hvað þær væru að framleiða og selja, þær Vilborgu Ástráðsdóttur í Skarði sem er að sauma leggings og annan fatnað eftir stærðum og þörfum hvers og eins, og Katrínu Sigurðardóttur í Ásaskóla sem býr til skart og skraut úr roði og minkaskinni.

Á vörfundinum var skipað í eftirfarandi nefndir:

Skemmti - og fræðslunefnd:

Kristín Gísladóttir formaður, Álfheiður Viðarsdóttir

Útivistarnefnd:

Anna María Flygenring formaður, María Guðný Guðnadóttir

Bingónefnd:

Sigurlaug Reimarsdóttir formaður, Meike Erika Witt

Þrjónaverkefnisnefnd:

Jenný Jóhannsdóttir formaður, Þórdís Bjarnadóttir og Hrafnhildur Ágústsdóttir

Í stjórn Kvenfélags Gnúpverja eru:

Sigrún Símonardóttir formaður, Halla Guðmundsdóttir gjaldkeri og Sigrún Bjarnadóttir ritari. Það er stolt hvers sveitarfélags að eiga öflugt og gott kvenfélag, kvenfélögin eru líknarfélög þar sem hugsunin er að láta gott af sér leiða. Þó svo að allt hafi breyst í okkar þjóðfélagi og hugsunin önnur en var árið 1929 halda þessi félagasamtök enn í gömlu gildin, þótt við höfum að sjálfsögðu fært okkur inn í nútímann. Alltaf er gert eitthvað sér til skemmtunar og passað upp á hafa gaman saman, því maður er manns gaman. Í lokin, kæru sveitungar takk fyrir ykkar stuðning í gegnum árin og alltaf er pláss fyrir fleiri konur í félaginu.

Með sumarkveðju.

Stjórnin.

Aðalsafnaðarfundur Ólafsvallasóknar,

veður haldinn í Ólafsvallakirkju Þriðjudaginn 18. júní kl. 20.30.

Venjuleg aðalfundarstörf.

Kjósa á um einn mann í sóknarnefnd og annan til vara.

Sigmar G. Guðbjörnsson gefur ekki kost á sér til endurkjörs.

Sóknarnefnd

Myndlistarsýning!

1.- 30.júlí verður Sigurlín Grímsdóttir með sýningu á olíu og vatnslitamyndum á kaffihúsi Þjórsárstofu í Árnesi.

Flestar myndirnar eru úr afréttum hreppanna.

Allir hjartanlega velkomnir.

45. fundur í sveitarstjórn. Skeiða-og Gnúpverjahrepps í Árnosi þriðju- daginn 04.06 2013 - kl. 13:00

Mætt til fundar: Jón Vilmundarson, Oddur Guðni Bjarnason, Björgvin Skafti Bjarnason, Harpa Dís Harðardóttir og Sigrún Guðlaugsdóttir en hún mætti í stað Gunnars Arnar Marteinsonar. Kristófer A. Tómasson sveitarstjóri ritaði fundargerð. Björgvin Skafti oddviti setti fund og spurðist fyrir um hvort athugasemdir væru við fundarboð en svo reyndist ekki vera.

Albert Guðmundsson verkefnastjóri hjá Landsvirkjun mætti til fundarins.

1. Umsögn um fyrirhugaða virkjun. Búrfell 2. Albert Guðmundsson frá Landsvirkjun sagði frá áforum um ofangreinda virkjun. Virkjunin mun geta framleitt allt að 140 megawöttum. Framkvæmdir hófust í reynd 1981. Ekki er ákveðið hvort stöðvarhús verður ofan eða neðanjarðar. Áætlað er að lengd aðrennslisganga verði 250 metrar og lengd frárennslisganga 2,1 km. Byggingatími er áætlaður 30 mánuðir. Mannafliþörf er áætluð 200-300 manns á framkvæmdatíma. Tilgangur með framkvæmdinni er að hluta til stuðningur við núverandi virkjun í Búrfelli.

Fyrir fundinum lá beiðni um umsögn frá Skipulagsstofnun um fyrirhugaðar virkjun Búrfell 2.

Oddviti lagði fram eftirfarandi bókun vegna málsins:

Sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps telur fyrir sitt leyti ekki forsendur, sbr. 6.gr. laga nr. 106/2005 og reglugerðar nr. 1123/2005 að teknu tilliti til 3.

Viðauka í framangreindum lögum, fyrir því framkvæmdir við stækkun Búrfellsvirkjunar skuli háðar mati á umhverfisáhrifum. Miðað við framlögð gögn er í raun verið að ljúka verki sem hafið var fyrir rúmum þrjátíu árum.

Sveitarstjórn minnir aðila máls á að í nágrenni svæðisins eru merkar fornminjar og að hluti svæðisins er undir hverfisvernd. Björgvin Skafti Bjarnason, Jón Vilmundarson, Harpa Dís Harðardóttir og Sigrún Guðlaugsdóttir voru samþykkt bókuninni. Oddur G. Bjarnason greiddi atkvæði gegn bókuninni á þeim forsendum að ekki hefði farið fram umhverfismat á fyrri framkvæmdum við Búrfellsvirkjun.

2. Bréf frá Gunnar Erni Marteinessyni. Í bréfinu kemur fram beiðni Gunnars Arnar um leyfi frá setu í sveitarstjórn til 5 september 2013.

Beiðni samþykkt samhljóða.

3. Kosning þriggja fulltrúa og jafnmargra til vara á aðalfund Samtaka Sunnlenskra sveitarfélaga. Kosin voru: Björgvin Skafti Bjarnason, Gunnar Örn Marteinson og Harpa Dís Harðardóttir. Til vara Sigrún Guðlaugsdóttir, Oddur G Bjarnason og Jón Vilmundarson.
Kosning þriggja fulltrúa og jafnmargra til vara á aðalfund Heilbrigðiseftirlits Suðurlands. Kosin voru: Björgvin Skafti Bjarnason, Gunnar Örn Marteinson

og Harpa Dís Harðardóttir. Til vara Sigrún Guðlaugsdóttir, Oddur G. Bjarnason og Jón Vilmundarson.

Kosning þriggja fulltrúa og jafnmargra til vara á aðalfund Skólaskrifstofu Suðurlands. Kosin voru : Björgvin Skafti Bjarnason, Gunnar Örn Marteinnsson og Harpa Dís Harðardóttir. Til vara Sigrún Guðlaugsdóttir, Oddur G Bjarnason og Jón Vilmundarson.

Auk þess kosning eins fulltrúa og annars til vara á aðalfund Sorpstöðvar Suðurlands. Kosinn var Björgvin Skafti Bjarnason og Gunnar Örn Marteinnsson til vara.

4. Samþykktir Skeiða- og Gnúpverjahrepps. Vísað til síðari umræðu.

5. Kaup á hjartastuðtækjum. Tillaga um kaup á tveimur hjartastuðtækjum fyrir allt að 400.000 m. virðisaukaskatti samþykkt samhljóða.

6. Fundargerð 59. fundar Skipulags og bygginganefndar. Mál nr.12,17,18, og 29 þarfnast umfjöllunar. Til kynningar er mál nr. 8.

Mál nr. 8: Afgreiðslu byggingafulltrúa.

Lagðar fram til kynningar afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 23. apríl til 24. maí 2013. Mál nr. 13: LB_Skeiðháholt 1,2 og 3 – skipting sameignarlands Sveitarstjórn gerir ekki athugasemd við afgreiðslu nefndarinnar og gerir ekki athugasemd við skiptingu sameignarlands Skeiðháholts 1, 2 og 3 með fyrirvara um samþykkir aðliggjandi landeigenda.

Mál nr. 17: Brúnir 186301

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemd við afgreiðslu nefndarinnar og samþykkir breytingu á deiliskipulagi svæðisins skv. 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Gert er ráð fyrir að breytingin verði hluti að breytingu á deiliskipulagi aðliggjandi lóðar (sjá mál nr. 28).

Mál nr. 18: Kálfhóll 2

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemd við afgreiðslu nefndarinnar og frestar afgreiðslu þar til umsögn Heilbrigðiseftirlits Suðurlands liggur fyrir.

Mál nr. 28: Dskbr. Heiðargerði 186572

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemd við afgreiðslu nefndarinnar og samþykkir breytingu á deiliskipulagi svæðisins skv. 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 með fyrirvara um niðurstöðu grenndarkynningu fyrir lóðarhafa Brúnar. Gert er ráð fyrir að breytingin verði hluti að breytingu á deiliskipulagi aðliggjandi lóðar (sjá mál nr. 17).

Mál nr. 29: Íbúðarhús – Stóra-Núpi

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemd við afgreiðslu nefndarinnar og frestar afgreiðslu á lýsingum deiliskipulags fyrir annarsvegar íbúðarhús og hins vegar frístundahús þar til umsögn Heilbrigðiseftirlits Suðurlands liggur fyrir.

7. Skipun fulltrúa Skeiða- og Gnúpverjahrepps í Svæðisskipulagsnefnd og annars til vara samkvæmt máli nr. 38 í fundargerð 59. fundar Skipulags og bygginganefndar. Samþykkt að skipa Björgvin Skafta Bjarnason í svæðisskipulagsnefnd og Jón Vilmundarson til vara.
8. Samningur um almenningssamgöngur. SASS –Strætó. Máli frestað.
9. Samtök orkusveitarfélaga. Stefnumörkun. Umsagnar óskað. Sveitarstjórn gerir ekki athugasemd við stefnumörkun Samtaka orkusveitarfélaga.
10. Húsnæði fyrir félagasamtök Aldan. Sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps telur að aðgengi að húsnæði sé fyllilega tryggt á jafnræðisgrundvelli af hálfu hins opinbera í sveitarfélaginu.
11. Tillaga að skipuriti sveitarfélagsins. Lagt fram og kynnt.
12. Tré fyrir frið. Samþykkt að taka þátt í verkefninu og sveitarstjóra falið að vinna að málinu.
13. Ályktun vegna Skólaskrifstofu Suðurlands. Ályktun lögð fram og kynnt. Sveitarstjórn samþykkir úrsögn úr Skólaskrifstofu Suðurlands.
14. Samningur við Jóhönnu Reynisdóttur um gistiheimilið Nónstein. Sveitarstjóra falið að ganga frá samningi. Fylgt verði eftir að leigutaki framkvæmi ákveðnar lagfæringar á eigninni.
15. Tilnefning fulltrúa sveitarfélagsins í 17. Júní nefnd. Tilnefning Eypórs Brynjólfssonar samþykkt samhljóða.
16. Framlenging ráðninga skólastjóra og leikskólastjóra. Samþykkt að framlengja tímabundnar ráðningar skólastjóra og leikskólastjóra til eins árs. Unnið verði að endurskipulagningu yfirstjórnar skólamála sveitarfélagsins.
17. Samningur um leigu tjaldsvæðis í Brautarholti. Samningur lagður fram og samþykktur samhljóða.
18. Erindi frá Arnari B Eiríkssyni um lausagöngu búfjár. Oddvita og sveitarstjóra verði falið að skoða kosti og galla upptöku banns á lausagöngu búfjár.
19. Rekstrarmál Þjósárstofu. Staða rekstrarmála kynnt af oddvita.
20. Minnisblað frá Torfa Sigurðssyni lögmanni vegna kröfu eigenda Stóra-Núps á hendur sveitarfélaginu um greiðslu lögfræðikostnaðar. Torfi lagði fram eftirfarandi bókun: Erindi Lex lögmannsstofu frá 5. Maí 2013 f.h. eigenda og ábúenda Stóra-Núps um greiðslu áfallins lögfræðikostnaðar vegna ágreinings um samþykkt sveitarstjórnar á deiliskipulagi fyrir minkahús á Ásum er hafnað. Bókun samþykkt samhljóða.
21. Úrskurður Úrskurðarnefndar umhverfis og auðlindamála um deiliskipulag að minkabúi að Ásum. Málið fellt niður.

22. Framkvæmdaáætlun sveitarfélagsins. Lögð fram af sveitarstjóra og var hún samþykkt samhljóða.

Mál til kynningar

- A. Listi yfir skipulagsfulltrúa í landinu
- B. Fundir SNS og FL nr. 93 og 94.
- C. Fundir SNS og FSL nr. 7 og 8.
- D. Fundir Þjónusturáðs um málefni fatlaðra nr. 3 og 4.
- E. Velferðarþjónusta Árneshings. Kynning á starfsemi.
- F. 17 fundur Velferðarnefndar
- G. Auglýsing skipulagsmál Mörk
- H. Ársreikningur Héraðsnefndar Árneshinga.
- I. Málþing um farsæla öldrun.
- J. Fundargerð 150. Fundur Heilbrigðiseftirlits.
- K. Nýsköpunarráðstefna.
- L. 467. Fundur stjórnar SASS.
- M. Skýrsla sveitarstjóra
- N. 149. Fundur Skólaskrifstofu Suðurlands.
- O. Útlánavextir Lánasjóðs sveitarfélaga.
- P. Kynning á nýrri heimasíðu sveitarfélagsins.

Fundi slitið kl 16: 40

Næsti fundur ákveðinn 13. ágúst næstkomandi.

Salernisaðstaða komin við Stöng í Þjórsárdal!

Undanfarna daga hefur verið unnið að því að koma upp salernisaðstöðu við Stöng í Þjórsárdal og er því verki nánast lokið.



Var aðstaðan sett upp við bíla-
stæði framan Rauðár þar sem
ganga hefst upp að bænum.
Mikill gestagangur er við Stöng
og í Gjána.
Eru gestir góðfúslega beðnir
um að ganga vel um nú, sem
endranær.


Sveitarstjóri.

Á bak við eldavélina!

Takk fyrir áskorunina Milla mín og takk sömuleiðis þú ert góður nágrenni.

Skýrýsa

- 1 blaðlaukur
- 2 ýsuflök
- 1/2 tsk. salt
- 1 1/2 msk. sítrónusafi
- 1 lítil skyrdós
- 4-5 msk. léttmajones
- 1 1/2-2 tsk. karrí




Látið blaðlauk eða lauksneiðar í smurt eldfast mót. Leggið fiskflök ofan á. Stráið salti yfir fiskflökin og dreifið síðan sítrónusafanum yfir þau. Hrærið saman skýri, majonesi og karrí og dreifið yfir fiskinn. Bakið neðarlega í 200° heitum ofni í 20-30 mín.

Einnig er mjög gott að nota þessa sömu uppskrift en setja soðin hrísgrjón í botninn á forminu, síðan fisk og sveppi þar ofan á og dreifa að lokum sósunni yfir. Hægt er að nota graslauk eða steinselju sem skraut ofan á, ef að fólk vill fegra þetta aðeins.

Gulrótarkaka

- 4 egg
- 3 dl. sykur
- 4 dl. hveiti
- 2 tsk. matarsóti
- 2 tsk. kanill
- 2 tsk. vanillusykur
- 1 tsk. kardimommudropar
- 2 dl. sólblómaolía
- 6 dl. rifnar gulrætur

Þeytið egg og sykur þar til blandan er létt og ljós. Öllu hinu er síðan bætt út í og hrært vel saman. Bakið í tveimur formum í 40-45 mín við 180°.



A photograph of a vast field of purple tulips in full bloom. The tulips are densely packed, and their vibrant purple petals are the central focus. The background is a soft, out-of-focus expanse of more tulips, creating a sense of depth. The lighting is bright, suggesting a sunny day, and the overall color palette is dominated by the rich purple of the flowers.

[illegible]



Leikholti

Fréttir frá Leikholti

Elstu börn Leikholtis útskrifuðust frá okkur þriðjudaginn 28.mái sl. Klukkan 9:00 var haldin smá athöfn þar sem þeim var afhent birki-planta og viðurkenningaskjal. Við kveðjum þennan flotta hóp með söknuði og óskum þeim alls hins besta í framtíðinni. Að lokinni athöfn lagði hópurinn af stað í útskriftarferð með Helgu og Bjarna skólabílstjóra. Börnin heimsóttu bæi þeirra sem voru að útskrifast og þar var margt að sjá og skoða. Það voru alsæl börn sem komu til baka í leiksólann um kl 15:00 þennan dag ☺ Á mynd f.v.: Ólöf María, Magnús Arngrímur, Benedikt Júlíus, Eiríkur Logi, Eyrún Huld og Freya Linda.



Gaman á trampólíni.

Börnin og Magnea í Þrándarholti.



Í maí fóru hópanir í Stórholti í skemmtilega eldheimsókn til Sigrúnar á Kalfhól þar sem þau léku sér í stóra garðinum hennar og kveiktu bál. Ætlunin var að elda hakk yfir eldinum og borða tortillur en því miður var veðrið ekki hagstætt nema hjá einum hóp. Hinir hópanir elduðu matinn inni hjá Sigrúnu.



Krakkahópur í löngum löngum göngutúr með Sigrúnu og nesti í maí. Þau voru rosalega dugleg að ganga! Þau fóru alla leið út í réttir og til baka.

Í maí fóru börnin í Stórholti í lambaheimsóknir á Hlemmskeið þar sem Jóa og Snæi tóku á móti þeim. Við þökkum fyrir frábærar mót-tökur. Veðrið var ekki alveg það besta en börnin fóru þó gangandi fram og til baka.



Ætlunin var að borða pylsur úti en þeim var boðið inn í bæ ☺



Hesta- og Hvalahópur tilbúinn að leggja af stað gangandi á Hlemmskeið ☺ Hestahópur var síðan keyrður með skólabil til baka.



Börnin skoða mjaltþjóninn hjá Snæbirni og aðstoða við að gefa heimalinga pela.





Eiríkur Logi kom með þetta litla lamb í heimsókn í leikskólann. Lambið sem var með bleyju og pela með sér vakti mikla lukku.

Vorhátíð foreldrafélagsins Leiksteins og Leikholts var haldin hátíðleg 30.maí sl. Hátíðin gekk vel þrátt fyrir að góða veðrið hafi ekki verið á lausu þann dag! Elin kom með tvo hesta og teymt var undir börnunum, Emmi málaði börn í framan, Hoppukastali var blásinn upp inn í sal, allir fengu pylsur. Það var mikið um að vera í maí hjá okkur og er heldur rólegra í Leikholti í byrjun júní. Það hefur mikið fækkað hjá okkur, elstu börnin hættu um mánaðarmótin og mörg börn fóru í langt sumarfrí. Við sem eftir erum höldum áfram að hafa það gaman saman og ætlum að vera mikið úti í júní. Við eigum

eftir að setja niður kartöflur.

Við óskum öllum sveitungum okkar góðs sumars með blóm í haga og sól í hjarta.

Kveðja. Börn og starfsfólk Leikholts.

Kirkjustarfið í Stóra-Núpssókn í sumar!


Þann 30. júní, ef veður leyfir langar sr. Halldór að ganga eitthvað með okkur og drekka svo brúsakaffi á kirkjutorginu að Stóra-Núpi svo tökum við okkur gott frí og byrjum aftur með “hestamessunni” í Stóra-Núpskirkju þann 18. ágúst.

Þá ætlum við ríðandi til kirkju.

Munið: Allir velkomnir. - Hressing eftir messu!

Allt nánar auglýst síðar!


Prestur: sr. Halldór Reynisson.



Sími prestakallsins
er **856-1572**

Sóknarnefnd.

***Minningarkort Stóra-Núpskirkju fást hjá
Margréti Steinþórsdóttur í Háholti,
sími 486-6017.***



Brokk og skokk

H E S T A F J Ö R



Pann 23. júní 2013 verður haldin nýstárleg íþróttakeppni

Brokk og skokk (ride and tie)

á vegum Hestamannafélagsins Smára og ungmennafélaganna í Hrunamanna- Skeiða- og Gnúpverjahreppi.

Fjölskyldubraut 2,8 km (30 mín)
Íþróttabraut 6 km (1 klst)
Einn hestur, tveir menn.

Farið er í gegnum stöðvar þar sem skipt er um knapa.

Upphaf og endir er við Skaftholtsrétt og sjá áhorfendur vel yfir keppnisbrautinar.

Sjá nánari reglur á rideandtie.org

Pylsur - kókómjól - öryggisvesti

Komið og takið þátt í skemmtilegri og nýstárlegri keppni.



23. júní

14:00 - 16:00

Tónlistarnemendur safna peningum!

Á vordögum héldu nokkrir píanó- og tónfræðinemendur úr Tónlistarskóla Árnesinga píanó-áheitaðag. Hann fór fram í Brautarholti og skiptust þátttakendur á við að æfa sig á píanó og læra tónfræði. Takmarkið var að æfa í amk. 10 klst. samfleytt, en krakkarnir gerðu gott betur og æfðu í alls 16 klst. Endað var á að borða saman heima hjá einum nemandanum. Fyrir þetta höfðu þau safnað loforðum um ákv. peningaupphæð fyrir hvern klukkutíma sem varið var í æfingar. Fjöldi einstaklinga og fyrirtækja styrktu uppátækið og rann ágóðinn til Einstakra barna, en meðlimir þess félags eru fjölskyldur barna með sjaldgæfa sjúkdóma. Magnea Gunnarsdóttir, píanó- og tónfræðikennari og foreldrar barnanna héldu utan um verkefnið.



Á myndinni má sjá Guðmund B. Gylfason formann Einstakra barna taka við söfnunarfénu, en alls söfnuðu börnin kr. 151.700.

Nöfn barnanna á myndinni eru þessi (frá vinstri til hægri):

Anna Birta

Jóhannesdóttir, Edda Guðrún Arnórsdóttir, Sigríður Lára Jónasdóttir, Leifur Þór Leifsson, Hekla Salóme Magnúsdóttir, Sigurður Arnar Leifsson, Guðmundur Heiðar Ágústsson, Ljósbrá Loftsdóttir, Guðmundur B. Gylfason (formaður Einstakra barna), Bryndís Einarsdóttir, Þrándur Ingvarsson, Ástráður Sigurðsson, Margrét Inga Ágústsdóttir, Þórkatla Loftsdóttir.

Á myndina vantar eldri nemendur sem einnig tóku þátt í söfnuninni en gátu ekki verið við afhendinguna: Brynja Pálsdóttir, Hrafnhildur Magnúsdóttir og Hafdís Smáradóttir. Auk fjölda einstaklinga var leitað til eftirfarandi fyrirtækja til að styrkja verkefnið:

Bros, dk hugbúnaður ehf, Fosstönn ehf, Grillvagninn, Hæll ehf, Landstólpi ehf, Núpstún, Skeiða og Gnúpverjahreppur, Tónhæðin – píanókennsla, Varmalækur ehf, Verslunin Árborg, Þrándarholt sf.

Til leigu er íbúðarhús á Efri-Brúnavöllum.

Húsið er 50 fm. Eitt rúmgott svefnherbergi, eldhús, stofa og geymsla. Góð verönd og heitur pottur. Leigist aðeins ef réttur leigjandi finnst - reglusemi, skilvísi og róleghheit áskilin. Nánari uppl. í síma 618-0211 - Áslaug.

Húsnæði óskast!

Ég er einstæð móðir, með tvö börn, sem vantar húsnæði á Skeiðunum. Þarf ekki að vera stórt og ég skoða allt.

Ég get tekið að mér afleysingar í fjósum, fjárhúsum, hesthúsum o.s.frv.

Ég járna líka. Upplýsingar í síma: 8480845 eða linda.karlsson@aland.net



Fatamarkaður í sumar, í Bugðugerði 7b, Árnesi!

Til sölu "Second hand" A flokkur af fötum á konur, karla og krakka! Sama verð á öllum stærðum og gerðum! **1.500,- stk.** Kannski gott að hringja áður ef þið viljið kíkja en ég er yfirleitt heima. Síminn er 663-0289. - Lítið við! Irma.



Vantar þig sérstaka gjöf?


Hef til sölu ýmsa handunna muni úr minkaskinni og roði. Hálsfestar, hárskraut, eyrnalokka, armbönd, bókamerki, vasapela og fleira. Sérstæðir munir sem ekki fást annars staðar. Komið og lítið á úrvalið.

Katrín, Ásaskóla, sími: 898-6047 / 486-6047.

Leggings, leggjur eða gammósíur

Þægilegar og flottar buxur fyrir konur á öllum aldri.

Líttu við í saumakjallaranum í Skarði og fáðu sérsaumað í þína stærð.



Upplýsingar í síma 863 9689.
Kveðja góð,
Vilborg í Skarði



Breyttir Opnunartímar gámasvæða!

Opið við Árnes: þriðjudaga og fimmtudaga kl 15:00 - 17:00 og laugardaga kl 10:00 - 12:00.

Opið við Brautarholt: mánud. og miðvikud. kl 15:00 – 17:00 og laugardaga kl 13:00 - 15:00.

Opið verður fyrir losun heimilissorps allan sólarhringinn á báðum gámastöðvunum. Ef farga þarf dýrahraejum utan auglýsts opnunar-tíma er bent á að hafa samband í **síma 893-4426.**

Fatagámar **Rauða krossins** eru tveir og eru staðsettir á gámasvæðinu í Brautarholti og við Áhaldahúsið í Árnesi!

Sveitarstjóri.



Lestrarfélag Skeiða– og Gnúpverjahrepps Bókahúsinu, Brautarholti.

Opið 13., 20., 27., júní kl. 20:00 – 22:00

Náið ykkur í fullt af bókum....

Munið lúguna! Alltaf hægt að skila!

Opnum aftur eftir sumarfrí 22. ágúst 2013,
kl. 20:00—22:00.

S: 486-5505 www.eggnir.is

bokasafn@skeidgnup.is Höfum það gott í sumar!



Heilsugæslan Laugarási sími 480-5300

Opið virka daga kl. 8:30-16:30.

Símatímar lækna virka daga

kl. 9-9: 30 og 13 –13: 30

Vaktsími 892- 8804 - Neyðarsími 112

Apótekið opið mán. - fös. 09:00 - 17:00 S. 486-8655

VIOLA snyrtistofa! Högnastíg 1 Flúðum

GUINOT húðvörur fyrir dömur og herra

ALESSANDRO naglalökk og gloss

Meðferðir: Andlitsbað – Húðhreinsun –

Fótsnyrting — Handsnyrting – Vaxmeðferðir

Litun og plokkun.

Tímapantanir í síma: 856-1599



VÖNDULL ehf
FLUTNINGAÞJÓNUSTA



Í ÁRNESSÝSLU.

Brottför frá Reykjavík, Héðinsgata 1-3

sími: 533 2211.

Mánudaga til föstudaga kl. 13:00

Á Selfossi hjá Húsasmiðjunni og Byko kl. 14:00.

Einnig hjá öðrum fyrirtækjum eftir þörfum.

Upplýsingar í síma:

856 1580 Unnar - 856 1581 Stefán



Kynnið ykkur fjöl-
breytta viðburðadag-
skrá á www.upplit.is
allir velkomnir!



Laugarvatn Fontana er opið allt árið, en breytingar
geta orðið á afgreiðslutíma á hátíðisdögum.

SUMARTÍMI

1. júní - 18. ágúst 2013 Opið daglega 10:00—23:00
Sérstakur opnunartími á sólstöðum frá 20. - 24. júní 2013
10:00 - 01:00 (eftir miðnætti)

ÁSBÚÐIN Á FLÚÐUM
SMÍÐJUSTÍG 6A – SÍMI 486-1866

OPIÐ: VIRKA DAGA 9 -18
LAUGARDAGA 11-14



Flúðaleið ehf



Verktaki fyrir Eimskip og Samskip

Brottför frá Flúðum alla virka daga: 7:00-9:00

Brottför frá Reykjavík alla virka daga:

kl 12:00 frá Landflutningum og kl 13:00 frá Flytjanda

Brottför frá Selfossi alla virka daga: 14:00

Vöruafgreiðsla á Flúðum opin frá kl 8:00-17:00 alla virka daga.

sími: 486-1070 fax 486-6693 netfang: fludaleid@simnet.is

Símar hjá bílstjórum:

892-2370- Pálmar

892-2371 -Grímsnes, Laugardalur og Biskupstungur.

892-2372 - Skeiða- Gnúpverja- og Hrunamannahreppur

Fyrir heyskapinn



Josilac Classic

er lifrænt íblöndunarefni fyrir betri verkun í votheysstæðum. Josilac Classic hentar fyrir allar gerðir af grasplöntum, grænfoðri og belgjurtum.

- Flýtir gerjunarferlinu
- Eykur lystugleika
- Bætir mæltanleika
- Eykur mjólkurgæði



ZillTex 300 stæðunet

Verndar stæðuna gegn fuglum og skepnum, þolir að gengið sé á stæðuni. Fljótlegt og auðvelt að leggja.



Stæðuplast

Stæðuplast 150 mμ og undirplast 40 mμ (vacuum-plast) í ýmsum stærðum.



Rúllunet

Hágæðarúllunet 1,23x3000



Rúlluplast

Hágæða rúlluplast Agrifol (ljósgrænt) og PolyStretch Zill (dökk grænt) 0,75x1500 og 0,50x1800



Stórbaggagarn




Rúllubindigarn



Viðgerðarlímband

Grænt, hvítt og svart.



Gunnbjarnarholti
801 Selfoss
Sími 480 5600

Opnunartími sundlauga 08.06 - 18.08. í Skeiða- og Gnúpverjahreppi

Neslaug

s: 486-6117



Mánudaga:	14 — 21
Þriðjudaga:	Lokað
Miðvikudaga:	14 — 21
Fimmtudaga:	14 — 21
Föstudaga:	14 — 18
Laugardaga:	10 — 18
Sunnudaga:	10 — 16



Skeiðalaug

s: 486 5500

Mánudaga:	Lokað
Þriðjudaga:	14 — 21
Miðvikudaga:	14 — 21
Fimmtudaga:	14 — 21
Föstudaga:	14 — 18
Laugardaga:	10 — 18
Sunnudaga:	10 — 16

Frítt í sund fyrir 18 ára og yngri og 67 ára og eldri
sem eiga lögheimili í sveitarfélaginu.

Vörur tengdar sundi seldar í afgreiðslum lauganna.

Drykkjarsjálfsali í Skeiðalaug.

Umsjónarmaður.

Eypór Brynjólfsson

